

GUÐNI TH. JÓHANNESSON

Skipti sjálfstæði máli? Samanburður á landhelgismálum Íslendinga og Færeyinga um miðja síðustu öld.

Inngangur

Íslendingar og Færeyingar hafa lengi átt það sameiginlegt að eiga mikið undir gjöfulem fiskimiðum undan ströndum sínum. Útlendir sjómenn sóttu líka á þær slóðir og þeir, sem réðu ríkjum á Íslandi og í Færeyjum, vildu koma þeim í burtu. Það var þó hægara sagt en gert, allt fram á síðustu öld. Þá urðu straumhvörf í þeirri baráttu. Íslendingar og Færeyingar juku smám saman fiskveiðilögsögu sína uns svo var komið að þeir höfðu einir yfirráð yfir sínum veiðisvæðum, tvö hundruð sjómílur á haf út.

Í þessari grein verður fjallað um þessa sögu; landhelgismál Íslendinga og Færeyinga á síðustu öld, einkum um öldina miðja. Greint verður frá helstu áföngum í landhelgisbaráttunni og spurt hvað var líkt og hvað ólíkt með þessum frændþjóðum. Rætt verður að hve miklu leyti Íslendingar og Færeyingar áttu samleið í landhelgismálum og einkum hve miklu máli það skipti eftir seinni heimsstyrjöld að Ísland var orðið fullkomlega sjálfstætt ríki en Færeyjar ekki. Var það til dæmis rétt, sem Íslendingar héldu gjarnan fram, að Færeyingar liðu fyrir það að „nýlenduherrarnir“ í Kaupmannahöfn þyrðu ekki að styðja við bakið á þeim í landhelgisbaráttunni? Jafnframt verður athugað að hve miklu leyti danskir ráðamenn ákváðu að nota Ísland eins og nokkurs konar „ísbrjót“ í landhelgisdeilum við Breta og aðrar úthafsþjóðir. Með því er átt við að Dönum hafi þótt þægilegast að láta Íslendinga um að berjast fyrir útfærslu fiskveiðilögsögunnar en vænta svo sömu réttinda fyrir Færeyinga, þar eð þeir ættu jafnvel meira undir fiskveiðum en Íslendingar.

Forsaga

Þegar Ísland, Færeyjar og Grænland komust undir yfirráð Noregskonungs gerði hann kröfu til alls sjávarins frá Noregsströndum og all vestur um til Grænlands. Þetta kölluðust „kóningsins straumar“ og síðan hélt Danakonungur uppi sömu sjónarmiðum. Honum tókst þó ekki að halda þeim til streitu og á sautjándu öld féllust dönsk stjórnvöld á að umhverfis Ísland og Færeyjar yrði sérstök landhelgi; 16 til 24 sjómílur eftir sáttmálum og samningum þar um.

Á nítjándu öld urðu Danir að draga enn meir í land. Þá var breska heimsveldið í blóma og Bretar töldu frelsi úthafanna til sinna brýnustu hagsmuna. Þeir fullyrtu að landhelgi mætti ekki vera víðari en þrjár sjómilur en Danir reyndu þó að halda því fram um þessar mundir að við Ísland og Færeyjar skyldi gilda fjögurra mílna landhelgi. Í kringum 1880 hófu Bretar svo togveidar á Íslandsmiðum og árið 1898 undan Færeyjum (sjá Björn Þorsteinsson 1976:7–167 og 1978:49–77, Patursson 1961:234–236, Grolin 1982:6–30, Guðna Th. Jóhannesson 2003a:63–72, Ræstad 1912). Árið 1882 hafði það einnig gerst að öll ríki við Norðursjó (fyrir utan Noreg sem þá var undir sænskri stjórn) náðu samkomulagi um þriggja mílna landhelgi á þeim slóðum. Næsta víst var að senn yrði sömu línu krafist umhverfis Ísland og Færeyjar.

Landhelgissamningurinn 1901

Togveidar Breta ollu mikilli gremju meðal Íslendinga og Færeyinga, enda voru togaramir oft uppi í landsteinum. Að sama skapi voru breskir ráðamenn óánægðir með tilkall Dana til fjögurra mílna landhelgi á Norður-Atlantshafi. Árin 1896–97 sendu þeir litla flotadeild til Íslands og beittu þannig fallbyssu-*politik* (*gunboat diplomacy* á ensku og *kanonpolitik* á dönsku) til að sýna mátt sinn og megin. Árið 1901 gerðu Danir svo samning við Breta um þriggja mílna landhelgi við Ísland og Færeyjar.

Í fyrstu var þessu samkomulagi tekið þokkalega á Íslandi og í Færeyjum. Fljótt tóku menn þó að ókyrrast á ný vegna sóknar Breta og þegar Íslendingar og Færeyingar hófu sókn sína í landhelgismálum um miðja síðustu öld forðæmdu þeir nær einróma samninginn frá 1901. Var hann þá gjarnan nefndur „flesksamningur“ og sagt að „Danir seldu landhelgi okkar Bretum fyrir sinn svinakjötmarkað“ (Einar Olgeirsson 6. mars 1961; sjá einnig: Patursson 1961:239–246, Bjarna M. Gíslason 1959:29–32 og Gísla Ágúst Gunnlaugsson 1980:108–109). Þetta var þó mikil einföldun. Mergur málsins var einfaldlega sá að Bretar voru sterkari. Danmörk hafði *ikke magt, som det havde agt*, eins og danska máltækið segir (sjá Jón Þ. Þór 1982:144–146 og Björn S. Stefánsson 1993:191–195). Í tæpa hálfu öld var svo ekki hróflað við landhelgissamningnum. Bæði Íslendingar og Færeyingar vildu vernda fiskimið sín fyrir ágangi útlandinga, einkum Breta. Danir vöktu máls á því við ráðamenn í London en þeir skelltu við skollaeyrum og þá varð að láta þar við sitja.

Frá þremur mílum í fjórar, 1948–56

Straumhvörf urðu um og eftir seinni heimsstyrjöld. Ísland varð sjálfstætt lýðveldi árið 1944 og ári síðar gerðu Bandaríkin tilkall til alls landgrunns síns – og áskildu sér einnig rétt til að stjórna fiskveiðum á hafinu ofan þess. Árið 1948 fylgdu Íslendingar fordæmi þeirra og settu Landgrunnslögin svokölluðu sem kváðu á um rétt stjórnvalda til að setja reglur um veiðar yfir landgrunninu. Ári síðar sögðu Íslendingar upp landhelgissamningnum frá 1901, með tilskildum tveggja ára fyrirvara, og árið 1950 var landhelgin færð úr þremur mílum í fjórar úti fyrir Norðurlandi, og auk þess var flóum og fjörðum lokað. Tveimur árum síðar tók slík lína gildi umhverfis allt landið.

Bretar voru vitaskuld á móti öllum þessum aðgerðum. Þeir sögðust að vísu vilja semja um einhverjar breytingar á þriggja mílna reglunni en vandinn væri sá að Íslendingar væru svo þjóðernissinnaðir, stífir og stoltir að við þá yrði ekki tjónkað. Þeir læsu til dæmis Íslendingasögurnar sér til óbóta, því þar væri heiður í að berjast gegn ofurefli og málamiðlun teldist til svívirðilegra svika.¹ Það fór þess vegna svo síðla árs 1952 að bresk stjórnvöld lögðu þegjandi samþykki sitt við því að útgerðarmenn í togarabæjunum í Bretlandi – Hull, Grimsby, Fleetwood og Aberdeen – settu löndunarbann á ísfisk frá Íslandi, í þeirri von að Íslendingar buguðust. Svo fór þó ekki og áfram var allt stál í stál (sjá Guðna Th. Jóhannesson 2003b:59–97).

Þá þótti Bretum nú betra að fást við landhelgismál Færeyinga! Þeir voru um margt í svipaðri stöðu og Íslendingar, áttu allt sitt undir sjávarútvegi og útlendingar, einkum Skotar, sóttu linnulítið á fiskimið þeirra. Hinn 19. mars 1952, sama dag og ríkisstjórn Íslands tilkynnti að hún hygðist færa landhelgina út í fjórar mílur umhverfis allt landið, lýsti færeyska Lögþingið þess vegna einum rómi þeirri ósk að sama yrði gert við Færeyjar (sjá Patursson 1979:37–48 og Steining 1958:255–256). En sá meginmunur var að ólíkt Íslendingum lutu Færeyingar enn danskri stjórn. Samband Danmerkur og Bretlands var náði á þessum árum og einn þeirra embættismanna, sem sá um málefni Norðurlanda í

¹ TNA: PRO FO371/111521, Henderson til Eden, 20. maí 1954. Henderson skrifaði m.a.:

Icelanders are fierce individualists. Discipline is abhorrent to them. They are brought up on the Sagas, whose heroes are so well known as almost seem to be members of each household. They had a code which glorified personal honour, resistance to almost any odds, refusal to give way, and which was the apotheosis of obstinacy. When raised to a national plane, this quality produces a state of mind where defeat is preferable to compromise, where any difference of opinion becomes a matter of national honour, and where negotiation is treachery.

breska utanríkisráðuneytinu, komst svo að orði að það væri „erfitt að sjá að samskipti okkar við Dani geti í raun verið nokkuð annað en góð.“² Reventlow greiði, sendiherra Danmerkur í London, var sama sinnis og fullvissaði Breta um að stjórnvöld í Kaupmannahöfn myndu aldrei færa landhelgina einhliða út eins og Íslendingar hefðu gert.³

Þess í stað var sest til samninga. Færeyingar áttu þá fulltrúa en Danir höfðu alltaf lokaorðið. Smám saman varð til sú lausn að landhelgi Færeysja yrði áfram þrjár mílur en fiskveiðilögsagan víðari á nokkrum stöðum. Þetta samkomulag tók gildi árið 1955 og skyldi vara í 12 ár hið minnsta. Breskir ráðamenn vonuðu að það myndi sýna Íslendingum, sem enn héldu fast í fyrri kröfur, að unnt væri að ná sáttum ef vilji væri fyrir hendi. En það var öðru nær. Íslendingar fustu við samkomulaginu og líktu því við „flesksamninginn“ gamla frá 1901. Ári síðar gáfu Bretar eftir og féllust á fjögurra mílna lögsöguna umhverfis Ísland (Guðni Th. Jóhannesson 2003b:98–103). Íslendingar höfðu því barið í gegn betri lausn en Danir höfðu samið um.

Skipti það sköpum hér að Íslendingar voru sjálfstæðir en Færeyingar undir forsjá Dana? Það réð eflaust miklu. Danskir ráðamenn vildu aldrei efna til ófriðar við Breta og höfðu ekki nægan skilning eða næga samúð með Færeyingum. Í einkasamtölum kallaði Vincens Steensen-Leth (sem varð sendiherra í London á eftir Reventlow greifa) þá „okkar eigin Kýpurbúa“, „vore lokale cyprioter“, en Bretar áttu þá í átökum við sjálfstæðissinna á Kýpur.⁴ Það skipti einnig máli að þrátt fyrir smæð sína í samfélagi þjóðanna voru Íslendingar þó stærri en Færeyingar, og gátu til dæmis notfært sér hernaðarmikilvægi Íslands. Valdhafar í Washington hvöttu bresk stjórnvöld til að láta undan kröfum Íslendinga því annars væri hætt við að þeir gengju úr Atlantshafsbandalaginu og segðu upp varnarsamstarfi við Bandaríkin (Guðni Th. Jóhannesson 2003b:115–124). Þótt bandarískir embættismenn hefðu öðru hvoru áhyggjur af því að Sovétmenn vildu kannski fá einhvers konar aðstöðu í Færeysjum gátu Færeyingar ekki nýtt sér hita kalda stríðsins að sama marki og Íslendingar.⁵

² „It is difficult to see how our relations with Denmark can ever basically be anything but good.“ *TNA*: PRO FO371/111436, minnisblað Masons, 15. febrúar 1954. Sjá einnig Sevaldsen 1992:10 og Mariager 1998:713–742.

³ *TNA*: PRO FO371/100459, minnisblað Nuttings, 1. desember 1952.

⁴ *RA*: 55.DAN.31/V, Steensen-Leth til Svenningsens, 1. febrúar 1956.

⁵ *NARA*: RG59/759B.00/5-355, Battle til bandaríska utanríkisráðuneytisins, 3. maí 1955. Sjá einnig Johansen 1999:67–68 og Thorsteinsson 1999:58–62, 125–135.

SKIPTI SJÁLFSTÆÐIÐ MÁLI?

Þar að auki má spyrja hvort Íslendingar fengu svo miklu betri kjör en Færeyingar þegar upp var staðið? Íslendingar biðu tjón af löndunarbanninu í Bretlandi og þótt Danir væru sáttfúsir bentu þeir alltaf á að þeir gætu ekki fallist á að Íslendingar næðu með hörkunni betri lyktum en Færeyingar fengu með samningum; að „óþekka barnið“ fengi verðlaun en ekki það þæga, eins og danska blaðið *Information* skrifaði (30. jan. 1956). Um leið og Bretar féllust á fjögurra mílna lögsögu undan Íslandi í árslok 1956 gáfu danskir diplómatar því til kynna að nú yrði að semja á ný um línuna umhverfis Færeyjar. Að þessu leyti notuðu þeir Íslendinga eins og „ísbrjót“; létu þá berjast og hamast og komu svo á eftir og vildu fá það sama fyrir hönd Færeyinga.

Frá fjórum mílum í 12, 1958–1964

Danir flýttu sér þó hægt. Ekkert hafði breyst sumarið 1958 þegar Íslendingar tilkynntu að þeir hygðust færa fiskveiðilögsögu sína út í 12 mílur hinn fyrsta september. Atburðarásin varð nú mjög svipuð og hún hafði verið fyrr á áratugnum, að því er Færeyinga varðaði. Um leið og ljóst var hvað til stæði undan Íslandi lýsti Lögþingið því yfir að Færeyjar yrðu einnig að fá 12 mílna lögsögu. Þótt þróun á alþjóðavettvangi væri Íslendingum í hag mátti deila um hvort áform þeirra stæðust lög og Bretar ákváðu að senda herskip á vettvang til að vernda togara sína. Þannig hófst fyrsta þorskastríðið.

Aftur fannst Bretum að Íslendingar væru allt of þrjóskir og kröfuharðir, og eitthvað var nú til í því. „Allir í Reykjavík eru gersamlega gengnir af göflunum“, viðurkenndi einn helsti diplómat Íslendinga. Flotavernd Breta gerði landsmenn enn ákveðnari í að gefa hvergi eftir, svipað og löndunarbannið nokkrum árum fyrr, og aftur óttuðust Bandaríkjamenn að landhelgisátökin stefnu aðild Íslands að vestrænu varnarsamstarfi í voða (sjá Guðna Th. Jóhannesson 2003b:170–185). Á sama hátt reyndu danskir embættismenn stundum að nota „kommagrýluna“ þegar þeir reyndu nú að fá Breta til þess að fallast á nýja og víðari fiskveiðilögsögu við Færeyjar. Þeir fullyrtu meira að segja að fengju Færeyingar ekki 12 mílna lögsögu eins og Íslendingar kröfðust, „myndu kommúnistarnar ná völdum í Færeyjum þegar fram liðu stundir og stofna til sífellt nánari sambands – að lokum hernaðarsambands – við Sovétríkin.“⁶

⁶ „[T]he Communists would, in due course, take over in the Faroes and establish progressively closer and eventual military links with the USSR.“ *TNA: PRO FO371/134741*, Selby til breska utanríkisráðuneytisins, 6. september 1958. Sjá einnig *RA: 55.DAN.31/XIX*, minnisblað danska utanríkisráðuneytisins, 20. febrúar 1963. Þá voru Danir og Bretar enn að karpa um 12 mílna lögsögu undan Færeyjum og Per

Sem fyrr voru Danir þó fráleitt jafn harðir í samningum við Breta og Íslendingar. Danskir sjómenn voru flestir á móti víðri fiskveiðilögsögu og embættismenn í Kaupmannahöfn viðurkenndu fúslega á bak við tjöldin að þeir væru fyrst og fremst að ræða við Breta til að „halda andlitinu“ í Þórshöfn.⁷ Síð á milli minnstust embættismennirnir líka aðeins á að Danir mættu ekki láta sverfa til stáls gegn Bretum vegna eigin útflutningshagsmuna.⁸ Það fór því svo, líkt og fyrri daginn, að dönsk stjórnvöld sömdu um málamiðlun fyrir hönd Færeyinga þegar Íslendingar stóðu enn í ströngu í baráttunni við Breta. Árið 1959 var gert samkomulag um sex mílna fiskveiðilögsögu undan Færeyjum (og sum lokuð svæði út að tólf mílum hluta úr ári). Lögþingið virtist sátt við þessar lyktir en dönsku samningamennirnir ítrekuðu þó við sína bresku kollega að næðu Íslendingar aftur betri niðurstöðu yrði sama að gilda við Færeyjar.⁹

Bretar leyfðu sér áfram að vona að Íslendingar myndu róast og semja þegar þeir sæju hvað frændur þeirra í Færeyjum fengju með slíkum vinnubrögðum. Sem fyrr var þetta fjarri lagi. Færeyjasamkomulagið var bara nýr „flesksamningur“, var viðkvæðið á Íslandi (*Þjóðviljinn*, 11. feb. 1959 og *Tíminn*, 26. feb. 1959). Ýmsa Íslendinga var einnig tekið að gruna að dönsk stjórnvöld vildu bara láta þá berjast við Breta og sigla svo lygnan sjó í kjölfarið (Guðni Th. Jóhannesson 2003b:191). Sá grunur var á rökum reistur og fékkst vel staðfestur í mars 1961 þegar Bretar létu undan og féllust á 12 mílna fiskveiðilögsögu undan Íslandi, gegn þriggja ára aðlögunarskeiði (og loforði Íslendinga að hlíta úrskurði Alþjóðadómstólsins í Haag, kæmi til frekari landhelgisdeilna). Danir sögðu umsvifalaust við Breta að nú yrðu Færeyingar að fá slíka fiskveiðilögsögu. Breskir sáu réttlætið í því, mölduðu þó aðeins í móinn og það var ekki fyrr en árið 1963 að sátt náðist um 12 mílur umhverfis Færeyjar, með eins árs aðlögunartíma.

Hækkerup utanríkisráðherra lét að því liggja að Færeyingar gætu krafist þess að öll mannvirki Atlantshafsbandalagsins yrðu fjarlægð frá eyjunum ef þeir fengju ekki sitt fram í þessum efnum.

⁷ Bundesarchiv, Koblenz, Þýskalandi. Bundesministerium für Ernährung, Landwirtschaft und Forsten: B116/73221, minnisblað Mesecks, 3. nóvember 1958.

⁸ „Danmarks økonomiske afhængighed med hensyn til eksport til Storbritannien samt de danske fiskeres afsætningsinteresser i dette land må antages at binde Danmark til en mere moderat politik.“ *RA*: 55.DAN.31/VIII, drög að minnisblaði, 4. september 1958.

⁹ *TNA*: PRO FO371/134743, minnisblað breska utanríkisráðuneytisins, 29. október 1958. *RA*: 55.DAN.31/X, minnisblað danska utanríkisráðuneytisins, 4. nóvember 1958.

SKIPTI SJÁLFSTÆÐIÐ MÁLI?

Niðurstöður

Árin 1949–52 skildi leiðir Íslands og Færeyja í landhelgismálum. Íslendingar fóru þá í hart og náðu betri skilmálum en Danir sömdu um fyrir hönd Færeyinga. Hér skipti sjálfstæðið máli. Danskir ráðamenn vildu ekki standa í baráttu við Breta.¹⁰ Færeyingar urðu að sætta sig við þetta og horfðu stundum öfundaraugum til frænda sinna á Íslandi sem gátu farið sínu fram, sjálfstæðir og harðákveðnir í að verja sín fiskimið. Árið 1964 var hins vegar svo komið að eylöndin tvö í Norður-Atlantshafi höfðu sömu fiskveiðilögsögu. Mátti þá kannski segja að Danir hafi með lagni náð því sama sem Íslendingar fengu með þrjósku og hörku? Það er að vissu leyti rétt, en hinu má þó ekki gleyma að Danir notuðu Íslendinga vissulega eins og „ísbrjót“, eins og hér hefur verið rakið. Danir gátu leyft sér að „slappa af“ því þeir nutu hamagangsins í Íslendingum. Og hér skipti sjálfstæðið því líka máli. Íslenskir ráðamenn voru gjarnan of kröfuharðir og erfiðir við að eiga, vegna þess að þeir og allir Íslendingar voru svo þjóðernissinnaðir. Samningslipurð af dönsku tagi hefði verið líkt við svik en líklega hefði hún ekki skaðað íslenska hagsmuni þegar til lengdar lét.

Á áttunda áratugnum skildi leiðir aftur um skeið þegar Íslendingar færðu lögsögu sína út í 50 mílur og svo 200. Þegar seinna skrefið varð stigið varð einum Færeyingi að orði að nú væru Íslendingarnir orðnir „heilt vitlausir“ því að þeir ætluðu að láta Færeyjar liggja í íslenskri landhelgi. Aftur fengu Færeyingar þó að lokum sama rétt og grannar þeirra börðust fyrir, en án þess að þurfa að heyja þorskastríð eins og þeir. Í raun væri verið að segja sömu söguna í þriðja sinn með því að rekja atburði áttunda áratugarins í þessu samhengi, og verður því látið staðar numið hér.

HEIMILDIR

- Bjarni M. Gíslason. 1959. Englænderne i de islandske farvande. *Fremtiden* 14,7:29–32.
- Björn S. Stefánsson. 1993. Tengsl viðskiptahagsmuna Dana og landhelgissamningsins 1901. *Saga* 31:191–195.
- Björn Þorsteinsson. 1976. *Tíu þorskastríð 1415–1976*. Sögufélag, Reykjavík.
- Björn Þorsteinsson. 1978. Torsken og Islands forhold til Danmark gennem tiderne. *Tidsskrift for Søvesen* 149:49–77.

¹⁰ Um þetta skrifaði Erlendur Patursson (1961:246):

Eitt eyðkenni á donskum uttanríkispolitikki ... hefur tí verið at halda uppi góðum vinarlagi við Bretlendingar, og – tá slíkt var mögult og Danmørkini kostnaðarlest – at vera teimum og gagnsmálum teirra til vildar.

GUDNI TH. JÓHANNESSON

- Einar Olgeirsson, 6. mars 1961. *Alþingistíðindi* D 1960, d. 98.
- Gísli Ágúst Gunnlaugsson. 1980. Fiskveiðideila Íslendinga og Bretá 1896 og 1897: bresk flotadeild vitjar Íslands. *Saga* 18:77–114.
- Grolin, Jesper. 1982. Havrettens udvikling. Jesper Grolin og Finn Laursen (ritstj.): *Ret eller magt på havet. FN's havretskonference. Baggrund og konsekvenser*, bls. 6–30. FN-Forbundet, [Kaupmannahöfn].
- Guðni Th. Jóhannesson. 2003a. En fælles konflikt? Kampen om fiskerigrænser i Nordatlanten fra middelalder til nutid. Daniel Thorleifsen (ritstj.): *De vestnordiske landes fælleshistorie. Udvalg af indledende betragtninger over dele af den vestnordiske fælleshistorie*, bls. 63–72. INUSSUK – Arktisk forskningsjournal 2. Nuuk.
- Guðni Th. Jóhannesson. 2003b. Troubled Waters. Cod War, Fishing Disputes, and Britain's Fight for the Freedom of the High Seas, 1948–64. Doktorsritgerð við Queen Mary, University of London.
- Information*, 30. jan. 1956.
- Johansen, Sámal Tróndur Finsson. 1999. *Færøerne under den kolde krig. De militære installationer*. Føroyar í kalda krígunum. Løgmannsskrivstovan, Tórshavn.
- Jón Þ. Þór. 1982. *Breskir togarar og Íslandsmið 1889–1916*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Mariager, Rasmus. 1998. „Et materialistisk og komfortelskende folk.“ Danmark og Storbritannien 1945–47. Henrik Dethlefsen og Henrik Lundbak (ritstj.): *Fra mellemkrigstid til efterkrigstid*. Festskrift til Hans Kirchhoff og Henrik S. Nissen på 65-årsdagen oktober 1988, bls. 713–742. Museum Tusulanums Forlag, København.
- NARA = National Archives and Records Administration, College Park, Maryland, USA. Record Group 59. General Records of the Department of State. Central Decimal File.
- Patursson, Erlendur. 1961. *Fiskiveiði – Fiskimenn 1850–1939*. Minningarrit Føroya fiskimannafelags 14. november 1911–1961. [Tórshavn].
- Patursson, Erlendur. 1979. *Fiskivinna og Fiskivinnuál 1940–1970 I*. Føroya fiskimannafelag, Tórshavn.
- RA = Udenrigsministeriet, gruppeordnede sager 1946–72. Rigsarkivet, Kaupmannahöfn.
- Ræstad, Arnold. 1912. *Kongens strømme: historiske og folkeretslige undersøkelser angaaende sjøterritoriet*. Cammermeyer, Kristiania.
- Sevaldsen, Jørgen. 1992. Culture and Diplomacy. Anglo-Danish Relations 1945–1949. Jørgen Erik Nielsen (ritstj.): *The Twain Shall Meet: Danish Approaches to English Studies*, bls. 9–46. Department of English, University of Copenhagen.
- Steining, Jørgen. 1958. Seinna søgan. *Føroyar I*, bls. 195–260. Dansk-Færøsk Samfund, Keypmannahavn.
- Thorsteinsson, Jákup. 1999. *Hernadarmál og politikkur. Ávegisfrágreiðing um stöðu Føroya í kalda krígunum*. Føroyar í kalda krígunum. Løgmannsskrivstovan, Tórshavn.

SKIPTI SJÁLFSTÆÐIÐ MÁLI?

Tíminn, 26. feb. 1959.

TNA = The National Archives, London.

Þjóðviljinn, 11. feb. 1959.

SUMMARY

This chapter discusses the history of the Icelandic and Faroese struggle for increased fishing limits from 1901, when the authorities in Copenhagen (which then ruled both Iceland and the Faroe Islands) signed a treaty with Great Britain on three-mile territorial waters off these two North Atlantic dependencies, to the establishment of 200-mile exclusive economic zones in the late 1970s.

For both of the two island nations, fisheries were the backbone of the national economy. Hence, they both wanted to protect their fishing grounds from foreign over-exploitation and increase their own share of the fishing effort off their coasts. This chapter recounts the steps which were taken in this regard to achieve this aim. The main emphasis is on the first decades after the Second World War when the fishing limits were extended in a series of steps. In Iceland, which, unlike the Faroe Islands, achieved independence in 1944, a four-mile limit took effect in 1952 and a 12-mile limit in 1958. In 1972, the limits were extended to 50 miles and finally to 200 miles in 1975. Although a similar process occurred in the Faroe Islands, change always came a bit later there. The wish to avoid antagonising Britain, the foreign nation with the most substantial fishing interests in the North Atlantic, clearly influenced Danish decision-making in the matter.

Thus, it will be asked to what extent the Faroese suffered from “apathy” by the “colonial masters” in Copenhagen, as some Icelanders claimed. It will also be asked to what extent the Danish authorities used the Icelanders as an “icebreaker”, by having them do all the hard work (including three “cod wars” with Britain) but then sailing easily in their wake and claiming the same rights for the Faroe Islands. The main conclusions are, on the one hand, that the Faroe Islanders lagged behind their Icelandic neighbours in the struggle for increased fishing limits precisely because they were not independent but under Danish rule. On the other hand, the reason is at least partly because the Danish authorities cunningly calculated that it would be more advantageous in the long run to have the Icelanders fight battles in the North Atlantic and then reap the benefits.